

Fundargerð atvinnumálahóps 18. júní

Drög að minnisblaði til aðgerðarhóps lagt fram og samþykkt með breytingum.

Minnisblaði um fjárhagsaðstoð til ungs fólks sem býr í heimahúsum dreift og Ellý fylgdi úr hlaði. Rætt var sérstaklega um hópinn sem er atvinnulaus án bótaréttar. Er „týndur“ og ekki á skrá yfir atvinnuleysi. Rætt var um framtíðarsýn borgarinnar þegar kemur að atvinnuátaki fyrir langtímaatvinnulausa og fólk án bótaréttar. Helga Björg ætlaði að útvega upplýsingar fyrir hópinn um það hversu lengi fólk er að vinna sér inn fullan bótarétt.

Útreikningar vegna Skógræktarverkefnis, Helga Björg kynnti.

Fram kom að ráðningarferli er 2-3 vikur frá samþykkt fjármagns til ráðningar.

Rætt var um Vinnumálastofnun. Áhugi fyrir því að skoða reynslu annarra borga af því að sinna vinnumiðlunarþættinum, (skráning á hendi ríkis, vinnumiðlun á hendi borgar). Einnig kom fram vilji til þess að skoða vel hvernig málin gengu fyrir sig þegar atvinnumálin voru á forræði sveitarfélaganna.

Rætt var um nýtt landslag næsta haust þegar kemur að mannráðningum. Borgin er að koma úr mikilli manneklu og spurning hvernig stjórnendur borgarinnar eru í stakk búnir til að taka fagleg starfsmannaviðtöl.

Rætt um starfsþjálfun eða „intern-ship“. Helga Björg ætlar að skoða helstu sjónarmið varðandi það m.t.t. kjarasamninga.

Hugmynd kom fram um að funda í húsnæði Hugmyndahúss Háskólanna og fá kynningu á þeirra starfsemi.

Einnig komu fram hugmyndir um að heimsækja Vinnumálastofnun og Austurbæ.

Spurt var hvað liði útreikningum fjármálaskrifstofu vegna tillagna hópsins um að skoðaðir yrðu kostir þess að atvinnulausir fengju ókeypis í sund og strætó. Oddný skoðar málið.

Þorleifi Gunnlaugssyni er þakkað sitt framlag til vinnu nefndarinnar en hann ætlar að víkja úr nefndinni. Sóley Tómasdóttir tók sæti í nefndinni frá og með síðasta fundi.

OS